



Atvinnuveganefnd Alþingis  
Nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2012

### **Umsögn um tillögu til þingsályktunar, áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál**

Félagið Íslensk Vatnsorka ehf. hefur frá stofnun einbeitt sér að litlum og meðalstórum virkjunarvalkostum með sérstakri áherslu á verkefni sem ber heitið „Hagavatnsvirkjun“ og er valkostur númer 39 á rammaáætlun. Félagið lýsir yfir mikilli óánægju með að þessi virkjunarvalkostur skuli eftir fimm ára samfellda rannsóknavinnu, sem einungis hefur skilað jákvæðum niðurstöðum, enn vera flokkaður í biðflokk. Óskað er eftir því, að virkjunarvalkosturinn verði færður í nýtingarflokk.

Orkuveita Reykjavíkur fékk upphaflega úthlutað rannsóknarleyfi þann 1. apríl 2007 til athugana á virkjunarvalkosti við Hagavatn sunnan Langjökuls. Á síðustu árum hafa farið fram á svæðinu umfangsmiklar rannsóknir, sem ná m.a. til útfærslu virkjunarhugmynda, mati á helstu umhverfisáhrifum, arðsemi og flestum þeim þáttum sem tengjast slíkri framkvæmd. Orkuveita Reykjavíkur og félagið Íslensk Vatnsorka ehf. standa nú sameiginlega að verkefninu um Hagavatnsvirkjun, þar sem Íslensk Vatnsorka fer með verkefnisstjórn verkefnisins.

Umhverfisáhrif virkjunar við Hagavatn sunnan Langjökuls mótast af því að stíflað verði skarð sem myndaðist í klapparhaft fyrir um 80 árum, en þannig mun Hagavatn ná fyrri stærð sem stöðuvatn sem þar var áður af náttúrunnar hendi. Þannig má segja að Hagavatn verði endurheimt með framkvæmdinni. Rannsóknir á virkjunarvalkostinum hafa leitt í ljós að auka má verulega hin jákvæðu áhrif virkjunarinnar á sandfok með því að útfæra virkjunina sem rennslisvirkjun með stöðugu vatnsborði. Þannig má gera ráð fyrir að sandfok á svæðinu muni minnka verulega eins og varð raunin við sambærilega framkvæmd við Sandvatn, sbr. rannsóknir og skýrslur Landgræðsla ríkisins og fleiri aðila.

Í dag er sandfok í Bláskógarbyggð verulegt vandamál og er svifryksmengun að stórum hluta yfir hættumörkum á svæðinu. Landgræðsla ríkisins, Sveitarfélagið Bláskógarbyggð og landeigendur hafa því sýnt þessum hugmyndum mikinn áhuga og hafa í umsagnarferli um rammaáætlun tjáð sig um þennan virkjunarvalkost á eftirfarandi vegu:



**Sveitarfélagið Bláskógarbyggð:** ....“Sveitarstjórn Bláskógarbyggðar fer þess eindregið á leit við iðnaðarráðuneytið og frummælendur fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu að Hagavatnsvirkjun verði færð til um flokk, þ.e. úr biðflokki í orkuvinnsluflokk.“

**Landgræðsla ríkisins:** „....., en ef fyrirhugað lón fyrir rennslisvirkjun yrði myndað, myndi það tvímælalaust draga úr sandfoki á austurhluta svæðisins sunnan Langjökuls.“

**Ferðamálafulltrúi Árnassýslu:** ...“Markmiðið er að nýta fallorkuna á umhverfisvænan hátt, en jafnframt mun vrikjunin koma í veg fyrir gifurlegt sandfok sem er á svæðinu og opna nýja og spennandi möguleika í ferðaþjónustu. Okkur líst afar vel á hugmyndirnar og vonumst til að verkefnið verði að veruleika í náinni framtíð.“

**Landeigendur Úthlíðartorfu:** ...“Landeigendur leggja áherslu á, að með þessari framkvæmd er verið að endurheimta fyrra horf Hagavatns, hefta jarðvegsfok, auka möguleika á landgræðslu og bæta lífsgæði íbúa á áhrifasvæði uppfoksins. .... Landeigendur Úthlíðartorfu fara þess eindregið á leit við iðnaðarráðuneytið og frummælendur fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu að Hagavatnsvirkjun verði færð til um flokk, þ.e. úr biðflokki í orkuvinnsluflokk.“

Íslensk Vatnsorka hefur ásamt Orkuveitu Reykjavíkur unnið að samfelldum rannsóknum á verkefninu um Hagavatnsvirkjun í mörg ár. Fyrir liggja tugir greinargerða og skýrsla um hin alla þá umhverfisþætti sem skipta máli við slíka framkvæmd. Þessi rannsóknarvinna hefur síðan leitt til endurbóta á útfærslu virkjunarhugmyndanna með það í huga að auka hin jákvæðu áhrif.

Vinnu við umhverfismat hefur að mestu leyti verið lokið og fjármögnun verkefnisins hefur verið undirbúin. Gengið hefur verið frá viljayfirlýsingu við orkukaupanda um orku frá verkefninu og tengingar um jarðstrengi verið útfærðir í samráði við Landsnet.

Virðingarfyllt  
Íslensk Vatnsorka ehf.